

27.1 2026

Til: Fjarðabyggð  
Aron Leví Beck

Efni: **Umsókn um framlengingu framkvæmdaleyfis og leyfi landeiganda fyrir efnisnám á sandi á eyrum norðan við ós Norðfjarðarár, Neskaupstað**

Fyrir hönd Haka ehf. er hér með óskað eftir leyfi Fjarðabyggðar, sem landeiganda, til að framlengja núverandi leyfi fyrir efnistöku á sandi á eyrum Norðfjarðarár. Áætlað er að vinna sand úr eyrunum norðan við ós árið. Jafnframt er óskað eftir framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins fyrir efnistökkunni.

Sótt er um leyfi fyrir sama magni á ári og sama svæði og unnið hefur verið með.

Efnistaka á þessu svæði, sem liggur við árósa Norðfjarðarár, hefur verið stunduð í áratugi. Haki ehf. hefur á undanförunum fimm árum starfað samkvæmt leyfi sem veitt var til fimm ára.


Aðrir sem hafa leyfi til efnistöku á svæðinu eru Gröftur ehf og Járnkarl ehf.

Hér á eftir fer lýsing á fyrirhugaðri efnisnámu og haugsetningarsvæði.

Sótt er um leyfi til efnistöku á allt að 7.500 m<sup>3</sup> af efni á áreyrum norðan við ós Norðfjarðarár. Undanfarin ár hefur árlegt efnistökmagn á svæðinu verið á bilinu 500–1.500 m<sup>3</sup>. Óskað er eftir að leyfið gildi til fimm ára, eða til ársins 2031.

Umrædd efnisnáma er eina sandnáman á Norðfirði og staðsett við botn Norðfjarðarár, á flæðieyrum norðan við farveg Norðfjarðarár, við ósa árið (sjá mynd 1).

Engin varanleg mannvirki fylgja framkvæmdinni.



**Mynd 1.** Efnistökusvæðið við árósa Norðfjarðarár. Efnistökusvæðið er afmarkað með gulum línum. Aðkoman að svæðinu er merkt inn á myndina. Haugsvæðið er merkt með gulri brotalínu.

### Efnistökusvæðið

Svæðið afmarkast sunnanmegin af farvegi Norðfjarðarár og að norðan af grjótvörn smábátahafnar. Á því safnast upp sandset sem berst niður með Norðfjarðará. Svæðið samanstendur af sandeyrum þar sem sjávarföll hafa áhrif.

Sjávarstraumar og öldurót móta svæðið með því að flytja og mynda nýja sandfláka úr efninu sem Norðfjarðará ber með sér inn á efnistökusvæðið.

Efnistökusvæðið, sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir, er afmarkað með hnitum sem fram koma í töflu 1 og sýnd eru á mynd 1.

**Tafla 1.** Hnitaskrá námu á áreyrum Norðfjarðarár. Hnit sett fram í hnitakerfinu Ísnet93.

Heiti	Hnit
A	746968.6 525380.8
B	747080.7 525310.1
C	747042.8 525227.9
D	747042.8 525227.9
E	747042.8 525227.9
F	746903.9 525287.8
G	746956.2 525359.1
H	746979.4 525342.0
I	746969,525409,0
J	747091.2 525332.8

### Landslag og gróðurfar

Landslag efnistökusvæðisins mótast af því að vera sendinn framburður Norðfjarðarár sem mótuð eru af sjávarföllum. Haugssvæðið er á manngerðri fyllingu og þar hefur verið í áratugi lagersvæði fyrir sand sem mokað hefur verið upp af svæðinu.

### Efnisnýting

Efni úr sandnámunni mun þjóna hinum ýmsu verkefnum með því að sinna sandþörf á Norðfirði. Sandurinn hefur aðallega verið notaður á lagnir sem grafnar eru í jörð.

### Efnistökuáætlun

Efnistaka hefst um leið og framkvæmdaleyfi fæst og mun standa yfir í næstu fimm ár.

Efnistökusvæðið er afmarkað á meðfylgjandi afstöðumynd og mynd 1. Sandurinn verður tekinn úr námunni á stórstraumsfjöru, þegar svæðið kemur upp úr sjó. Að lokinni efnistöku er efnið flutt á land og haugsett innan afmarkaðs haugsetningarsvæðis, sem sýnt er á mynd 1.

Efnistakan felst í því að vinna sand úr flákum sem myndast ofan á hörðum, sendnum malarbotni. Sandflákarnir, sem verða til með framburði Norðfjarðarár, eru allt að 1 metra þykkir, og verður efnistakan því að hámarki 1 metra á dýpt. Magn þess sands sem haugsett er í hverri lotu er á bilinu 100–300 m<sup>3</sup>.

Áætluð árleg efnistaka er á bilinu 500–1.500 m<sup>3</sup>. Sótt er um fimm ára leyfi til að vinna allt að 7.500 m<sup>3</sup> af efni á svæði sem spannar allt að 13.600 m<sup>2</sup>.

Við vinnsluna verða að jafnaði notuð hjólaskófla, en einnig getur komið til greina að nýta ýtu og námutrúkk. Verkfærið getur því verið tvenns konar:

Hjólaskófla mokað efninu upp og flytur það beint í haugstæðið.

Ýta safnar efninu saman í haug og hjólaskófla mokað það síðan í námutrúkk sem flytur það í haugstæðið.

Sjávarstraumar, vindáttir og flóð eða leysingar í Norðfjarðará hafa mest áhrif á það hvernig og hvar sandflákarnir safnast saman innan efnistökusvæðisins. Þar sem sandur berst reglulega inn á svæðið, er unnt að vinna efni án þess að ganga á svæðið til lengri tíma.

**Tafla 2.** Sandnáma við Norðfjörð, efnistökusvæði flatarmál og rúmmál svæða.

	Árós Norðfjarðará		
Flatarmál	13.600 m <sup>2</sup>		
Rúmmál úr námu	7.500 m <sup>3</sup>		
Dýpi námu	1 m		

Aðkoman inn í námuna verður á sama stað og hún er í dag, eða um vik sem er í grjótgarðinn, sjá mynd 1.

Haugsetningarsvæðið er afmarkað sem gulur ferill á mynd 1. Innan þess svæðis er gert ráð fyrir efnisvinnslu og lagersvæði. Efnið verður unnið eftir aðstæðum og eftirspurn.

### Vinnslutími

Efnisnáman mun nýtast til hinna ýmsu framkvæmda í Fjarðabyggð. Efnisvinnsla fer eftir eftirspurn hverju sinni, en áætluð nýting er um 500 – 1.500 m<sup>3</sup> á ári. Sótt er um leyfi til efnistöku til fimm ára eða til og með árinu 2031.

Til að halda áhrifum á fisk og fiskgengd í lágmarki, verður efnistakan utan göngutíma fiska, eða og veiðitíma og ætti því að vera í lágmarki á þeim þáttum.

### Skipulag

Efnistakan er í samræmi við landnýtingu svæðisins eins og það birtist í gildandi Aðalskipulagi Fjarðabyggðar. En þar segir að “öll efnistaka í sjó (innan netalaga) og úr árfarvegum er háð framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar”.

### Frágangur

Í lok vinnslutíma verður allt aðflutt efni, tæki, sandafgangar og annað er viðkemur vinnslunni fjarlæggt af svæðinu. Sjórinn sér um það að jafna efnistökusvæðið út reglulega, þar sem flóð sjávar og sjávargangur sér um að jafna út efnistökusvæðið. Og er því ekki er þörf á sérstökum frágangi á efnistökusvæðinu sjálfu. Að vinnslutíma loknum, þ.e. árið 2031 verður haugsetningarsvæðið jafnað út. Efnistökusvæðið verður jafnað út, þannig að það falli sem best að umhverfi sínu. Hæðarlega haugsetningarsvæðisins verði með sama hætti og þegar komið var að því. Ekki eru áætlanir um uppgræðslu því næsta umhverfi haugsetningarsvæðisins lítt gróið sendið svæði.

### Landnýting

Svæðið sem um ræðir er ekki nýtt í dag til annara nota.

Fyrirhuguð efnistaka er háð samþykki landeiganda sem er Fjarðabyggð.

## Umhverfisáhrif

Áhrif framkvæmdarinnar á landslag eru óveruleg, en sjónræn áhrif koma helst fram á rekstrartíma vegna vinnuvéla og efnishauga. Þar sem flóð og fjara hafa áhrif á sandeyrarnar, sér sjórinn að mestu um að afmá sýnileg merki efnistökkunnar. Efnishaugar á lagersvæði fyrir sand eru hins vegar sýnilegir.

Norðfjarðará ber stöðugt sand með sér út í ósa árinna, sem tryggir að reglulega bætist efni í námusvæðið.

Að mati framkvæmdaraðila mun efnistakan ekki hafa neikvæð áhrif á gróður eða dýralíf, þar sem svæðið er gróðurlaust sandrif sem verður reglulega fyrir áhrifum sjávarfalla. Haugsetning fer fram á gróðurlitlu svæði. Þar sem efnistaka hefur verið stunduð á þessu svæði um áratugaskeið, er ekki um að ræða breytingu eða aukið álag á umhverfið að þessu leyti.

Til að lágmarka áhrif á fisk og fiskgengd verður efnistakan framkvæmd utan göngutíma fiska og veiðitíma, þannig að truflun á þessum þáttum verður í lágmarki.

Efnistakan mun hvorki hafa áhrif á landnýtingu á framkvæmdatíma né eftir að framkvæmdinni lýkur.

Svæðið er ekki skráð á náttúruminjaskrá.

Óskað er eftir að svar við þessu erindi verði sent til Nestaks ehf., Borgarnaust 6, 740 Neskaupstað.

Ef frekari upplýsinga er þörf, vinsamlegast hafið samband við undirritaðan í gegnum netfangið [ari@nestak.is](mailto:ari@nestak.is).

Virðingarfyllst fyrir hönd Haka ehf. Norðfirði

Ari Benediktsson, Nestak ehf. Neskaupstað